



Nr.: STL-050	Tækniskólinn	
Útgáfa: 2.0		
Dags: 13.11.2013	Stuðningsfulltrúi	
Höf: Fjöltnir Ásbjörnsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 1 af 2		

Skóli:
Næsti yfirmaður - starfsheiti: Skólastjóri Fjölmenningskóla
Undirmenn - starfsheiti:

Markmið starfs	<p>Að taka þátt í því uppeldisstarfi sem fram fer skólanum þar sem áhersla er lögð á vellíðan nemenda. Stuðningsfulltrúi er þroskaþjálfari / kennari til aðstoðar við að sinna einum eða fleiri nemendum sem þurfa sérstaka aðstoð. Starfið miðar fyrst og fremst að því að auka færni og sjálfstæði þessara nemenda, félagslega, námslega og í daglegum athöfnum. Eftir atvikum er markmið að draga smám saman úr þörf nemenda fyrir stuðning.</p>	
	Ábyrgðarsvið	
1.	Aðstoðar nemanda/nemendur við daglegar athafnir og virka þátttöku í skólastarfi.	
2.	Vinnur eftir áætlun sem þroskaþjálfari / kennari hefur útbúið í samráði við fagstjóra sérkennslu, sálfræðing eða annan ráðgjafa.	
3.	Ber ábyrgð á að uppfæra eigin ferilskrá með því að afhenda viðeigandi gögn til starfsmannahalds jafnharðan. (Menntun, námskeið, o.fl.)	
4.	Ber ábyrgð á að verkefni sem undir hann falla séu unnin samviskusamlega, innan settra tímamarka þannig að skólinn geti veitt innri og ytri viðskiptavinum sínum sem besta þjónustu á hverjum tíma.	
Kröfur um hæfni (þekking, færni, eiginleikar)		
<p>Hafa sem viðtækasta þekkingu/reynslu í stuðningi við fatlaða nemendur. Drifkraft og frumkvæði til að leysa þau verkefni sem undir starfið falla. Hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæða framkomu gagnvart viðskiptavinum innri sem ytri.</p>		

Nr.: STL-050	Tækniskólinn	Tækniskólinn skóli atvinnulífsins 
Útgáfa: 2.0		
Dags: 13.11.2013	Stuðningsfulltrúi	
Höf: Fjöltnir Ásbjörnsson		
Ábm: Skólameistari		
Síða 2 af 2		

	Helstu verkefni:
1.	Aðstoðar nemanda/nemendur við að ná settum markmiðum samkvæmt aðalnámskrá/einstaklingsnámskrá undir leiðsögn þroskaþjálfara / kennara.
2.	Aðlagar verkefni að getu nemandans samkvæmt leiðbeiningum þroskaþjálfara / kennara.
3.	Ýtir undir færni og sjálfstæði nemenda í námi og daglegum athöfnum t.d. með því að hvetja þá til að gera sem mest sjálfir og hrósa þeim fyrir viðleitni í þá átt.
4.	Aðstoðar nemendur við að fylgja settum reglum um hegðun, umgengni og vinnubrögð.
5.	Styrkir jákvæða hegðun nemenda samkvæmt umbunarkerfi og vinnur gegn neikvæðri hegðun, t.d. með áminningum og með því að fylgja nemanda tímabundið afsíðis.
6.	Aðstoðar nemanda/nemendur við að klæðast, matast og aðrar athafnir daglegs lífs ef þeir eru ófærir um það sjálfir.
7.	Leitast við að styðja nemendur í félagslegum samskiptum innan og utan kennslustofu.
8.	Veitir nemendum félagslegan stuðning með því að hlusta á frásagnir og reynslu þeirra og spjalla við þá þegar aðstæður leyfa.
9.	Fylgir einum eða fleiri nemendum á ferðum þeirra um skólann, í frímínútum og vettvangsferðum og aðstoðar þá eftir þörfum.
10.	Situr fag- og foreldrafundi eftir því sem við á.
11.	Getur eftir aðstæðum einnig sinnt öðrum nemendum í bekknum, m.a. til að kennari geti aðstoðað nemanda sem þarf séraðstoð og til að draga úr sérstöðu nemenda með sérþarfir.
12.	Annast önnur þau störf sem honum kunna að verða falin af yfirmanni og falla innan eðlilegs starfssviðs hans. Um fagleg störf sem þessi grein tekur til gilda starfslýsingar innan skóla með hliðsjón af stofnanasamningum þeirra og þau skal auglýsa innan skólans.

Tengsl	
Daglega	Nemendur og starfsfólk Tækniskólans.
Sjaldnar	Foreldrar og aðrir samstarfsaðilar.